



Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitastjórnarfundi nr. 259.
dags: 11. september 2025



Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 668 íbúar samkvæmt Íbúasýn mv. 2. september sl. og eru því ögn fleiri en í byrjun ágúst en þá voru skráðir í Íbúasýn 665 íbúar.

Vinna við fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2026 til 2029 er komin vel af stað og hefur verið sest yfir forsendur með öllum yfirmönnum málalykla og einnig var haldinn vinnufundur kjörinna fulltrúa og starfsmanna sem halda utan um einstaka málalykla. Ágæt mæting var á þann fund og samtalið gott og gagnlegt. Unnið er eftir tímaplani við vinnuna og eru ákveðnar vörður á þeirri leið sem okkur starfsmönnum sem og kjörnum ber að fara eftir í allri okkar vinnu því fátt er eins mikilvægt eins og að gera fjárhagsáætlun þannig úr garði að öllum steinum sé velt og hugað vel að því hvernig skattfé skuli varið.

Innviðaping var haldið þann 28. ágúst sl. af frumkvæði innviðaráðherra sem ávarpaði samkomuna ásamt forsætis- og fjármálaráðherra og ýmsum öðrum sérfræðingum á því svið sem um ræðir. Meðal þess sem innviðaráðherra boðaði í ávarpi sínu var að rjúfa kyrrstöðu í jarðgangagerð, að framlög til viðhalds vega um land allt yrðu stóraukin og að unnið væri að nýrri nálgun við fjármögnun innviðaverkefna, m.a. útfærslu innviðafélags um stórar samgönguframkvæmdir. Þá sagði ráðherra að undirbúningur væri hafinn að nýrri byggðaaætlun, að unnið væri að því að ná markmiði um fulldekkad farsímanet á stofnvegum á láglandi og loks að sveitarfélög væru ómetanlegur hlekkur í keðjunni þar sem þau stæðu sjálf í umfangsmikilli innviðauppyggingu.

Það verður spennandi að sjá og taka þátt í umræðum um þau mikilvægu mál sem hér um ræðir og skipta okkur í Dalabyggð miklu máli til allrar framtíðar litið.

INNVIÐAÞING

Dagskrá



Sjónarráð
Innviðaráð

Fundarsjóri: **Ingillín Kristmannsdóttir**
ráðuneytisstjóri í Innviðaráðuneytinu

09:00-12:00 – FYRSTI HLUTI:

FJÁRFEST Í INNVIÐUM TIL FRAMTÍÐAR

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra

Jari Kauppila, forstöðumaður hjá
ITF-OECD

Kristrún Frostadóttir, forsætisráðherra

Þaði Már Kristófersson, fjármála-
og efnahagsráðherra

Þjall með ráðherrum

11:00-11:00 – Kaffihlé

Ögnun innviða

Þi Freyr Stefánsson, skrifstofustjóri
gangna hjá innviðaráðuneytinu

Þi Sigurðsson, framkvæmdastjóri
lífeyrissjóðs og formaður
Landsamtaka lífeyrissjóða
ræfestingarumhverfið.

Þi Hannesson, framkvæmda-
amtaka iðnaðarins

– Hádegishlaðborð

Innviðir og sveitarfélög

- Vífill Karlsson**, prófessor við HÍ
á Bifröst og Háskólann á Akureyri
- Jón Björn Hákonarson**, formaður
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Pallborð: Bergþóra Þorkelsdóttir,
Jón Björn Hákonarson, Ólafur Sigurðsson,
Sigurður Hannesson, Sigþór Sigurðsson,
framkvæmdastjóri Colas, Vífill
og Þorsteinn Hermannsson.

14:20-14:30 – Kaffihlé

14:30-16:00 – ÞRIÐJI HLUTI:
UPPBYGGING OG ÖRYGGI INNVIÐA

- Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir**,
sviðsstjóri netöryggissviðs
hjá Fjarskiptastofu
- Guðmundur Arnar Sigurðsson**,
forstöðumaður Netöryggisráðs
(CERT-IS)
- Ottó V. Winter**, sérfræðingur
í innviðaráðuneytinu
- Gunnar Geir Gunnarsson**,
doildarstiðari á munninn

- Skólaþing var haldið hér í Dölum að frumkvæði Auðarskóla þann 28. ágúst sl. Var þingið haldið í samvinnu við Ásgarð skólaþjónustu.
- Gott að eldast verkefnið á landsvísu er í þróun á Vesturlandi og er vonandi tíðinda að vænta á næstu vikum varðandi hvernig á málum verður haldið hér í Dölum. Fundur verður haldinn á næstunni með forráðafólki HVE og í kjölfar þess fundar verði vonandi tilefni til að funda með fulltrúum félags eldri borgara og öðrum þeim hagaðilum sem um ræðir hér í Dölum. Vonandi næst að ýta verkefninu úr vör fyrir árslok.



SKÓLAÞING 2025

DALABÚÐ 28. ÁGÚST KL. 17:30



STARFAMESSUR Á VESTURLANDI HAUST 2025



Starfamessa 2025 er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands 2025. Haldnar verða þrjár starfamessur í öllum framhaldsskólum á Vesturlandi á næstunni:

- Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi (MB) þann 26. september
- Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN) í Grundarfirði þann 30. september
- Fjölbrautaskóla Vesturlands Akranes (FVA) þann 3. október.

Markmið Starfamessunnar er að gefa gestum innsýn í fjölbreytt störf og starfsleiðir sem finna má innan fyrirtækja og stofnana á svæðinu – með það að leiðarljósi að kveikja áhuga og varpa ljósi á möguleika framtíðarinnar. Þeir hópar sem Starfamessur eru helst hugsaðar fyrir eru nemendur úr 9. og 10. bekk í grunnskólum á Vesturlandi, nemendur í framhaldsskólum og aðrir áhugasamir íbúar landshlutans. Við ráðgerum að taka þátt í Starfamessunni í Borgarnesi þann 30. september og vitum við um nokkur fyrirtæki héðan úr Dölum sem ætla einnig að taka þátt.



04.09.2025 14:56

Fjölgað verður um tvo hjá Lögreglunni á Vesturlandi

Þorbjörg S Gunnlaugsdóttir dómsmálaráðherra kynnti upphafi árs áform sín um að fjölga lögreglumönnum um fimmtíu þegar á þessu ári. Markmið hennar með


- Undirritaður átti fund inn í dómsmálaráðuneyti þann 4. september sl. þar sem til umræðu var staða löggæslumála í Dalabyggð og að hrópandi aðstöðuleysi sem til staðar er. Kynnt var á fundinum enn og aftur skýrsla sem embætti ríkislögreglustjóra vann og skilaði af sér í árslok 2023 þar sem lagt er til að til verði að minnsta kosti fjögur stöðugildi lögreglumanna í Dalabyggð og eins var kynnt þarfagreining sem unnin hefur verið í tengslum við áform um uppbyggingu húsnæðis viðbragðsaðila í Dölum.
- Þessi sama staða hefur verið kynnt ítrekað alþingismönnum Norðvestur kjördæmis og einnig fyrir forráðafólki ríkisstjórnarinnar, síðast á fundi sem ríkisstjórnin hélt með fulltrúum sveitarfélaga á Vesturlandi í Stykkishólmi í ágúst 2025. Vona ég svo sannarlega að til okkar stöðu verði horft við útdeilingu fjármagns til löggæslumála á næsta misseri.



Stjórn EBÍ, Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, var á ferð um Vesturland í lok síðustu viku og héldu fund með fulltrúum sveitarfélaga á Vesturlandi í Grundarfirði. Undirritaður fór á þann fund og hlýddi á góða kynningu á því hvað EBÍ stendur fyrir og hvert meginhlutverk þess er skv. skipulagsskrá. EBÍ hefur styrkt verkefni hér í Dölum á undanförnum árum, nú síðast árið 2024 þar sem fengust 420 þús.kr. í gerð söguskilta. EBÍ hefur úr að spila árlega um 8 millj.kr. til styrkja og er eitt af leiðarljósum sjóðsins að hvert svæði/sveitarfélag fái ekki styrk árlega en geti vænst þess að fá stuðning annað hvert ár og eru styrkir oft á bilinu 200 þús.kr. upp í um 700 þús.kr. hvert sinnið. Við þurfum að vera dugleg hér eftir sem hingað til að vakta sjóði sem þennan hér í Dölum.



- Eins og mörgum íbúum Dalabyggðar er kunnugt um hafa síðast liðin 2 ár verið í gangi verkefnið „Dalabyggð í sókn – ímynd, aðdráttarafl og staðarandi“ sem hlaut styrk af C.1. lið Byggðaáætlunar. Ástæða verkefnisins var og er að vinna með ímynd Dalanna sem komið hafði í ljós í könnunum að var í raun ekki slæm en hún var heldur ekki sterk.
- Þannig hefur verkefnið snúið að efnissköpun til miðlunar, fyrir ferðamenn, fyrir núverandi og tilvonandi íbúa, sem og mögulega fjárfesta eða aðila sem vilja nýta tækifærin í Dölum til að byggja upp. Verkefninu var m.a. ætla að útbúa verkfærakistu fyrir markaðssetningu Dalanna, efla aðdráttarafl og styrkja staðaranda. Sú verkfærakista var kynnt í nóvember 2024 og ber heitið; Verkfærakista – Við yrkjum lífsgæði í Dölunum, hér er slóð á verkfærakistuna: <https://dalir.is/wp-content/uploads/2024/11/Verkfaerakista-Vid-yrkjum-lifsgaedi-i-Dolunum-CW.pdf>
- Þá hefur einnig verið búið til margmiðlunarsíða fyrir erlenda ferðamenn sem vilja kynna sér það sem Dalirnir hafa upp á að bjóða t.d. í gistingu, mat og afþreyingu og er heitið á þeirri síðu; Destination Dalir – Visit Dalir, hér er slóð á síðuna: <https://visitdalir.digitalfamtrip.com/optin1729760267002>
- Í lok ágúst var svo fyrirtækið Broadstone sem útbjó fyrirnefnda síðu, á ferð um Dalina við að taka upp efni sem miðar meira að samfélaginu og uppbyggingu í héraði. Afrakstur þeirrar heimsóknar verða myndbönd sem eiga að gefa innsýn í atvinnulíf, menningu og afþreyingu íbúa og loks tækifæri á láði og á legi í Dölum. Broadstone voru í Dölunum í 3 daga þar sem þau fengu að mynda iðnaðarmenn, skrifstofufólk, hársnyrtir, prest, heilbrigðisstarfsfólk, kennara og fleiri við störf sín. Eins mynduðu þau fjölbreytt klúbba- og félagsstarf og margvíslega afþreyingu sem íbúar á svæðinu sinna utan vinnu.
- Telst okkur til að ríflaga 100 íbúar, á öllum aldri, hafi komið að verkefninu, ýmist fyrir framan eða aftan myndavélina. Slík þátttaka er ómetanleg og gerir okkur kleift að gefa innsýn í okkar góða samfélag. Auðvitað hefðum við viljað ná að gera meira en ef allt gengur eftir verður þetta ekki síðasta heimsókn Broadstone í Dalina – enda er af nægu að taka. Takk allir sem þátt tóku !



Á síðasta fundi sveitarstjórnar í skýrslu minni sagði ég frá því að í byrjun júlí hafi Vegagerðinni borist langþráð tilkynning um viðbótarfjármagn til framkvæmda á árinu 2025. Samkvæmt upplýsingum sem fengust af því tilefni frá Vegagerðinni voru verkefnin sem stefnt skuli að komi til framkvæmda á árinu vegna þessa eftirfarandi:


- Malbik verður lagt á við innkomu í Búðardal beggja vegna, þ.e. út fyrir ristarhlið að vestaverðu og að hesthúsa-afleggjara sunnan megin.
- Um 1 km. við Haukadalsá að Brautarholti verður styrktur og lagt á bundið slitlag.
- Kafli á Svínadal verður styrktur og lagt á bundið slitlag.
- Um 2 km. verða malbikaðir á Bröttubrekku.
- Einnig skyldi hluti fjármagns nýttur til að undirbúa og hanna styrkingu, breikkun og lagningu bundins slitlags á vegkafla á milli Erpsstaða og Haukadalsár og er stefnt að framkvæmdum á þeim kafla sumarið 2026.
- Áður var búið að ákveða að lagfærður verður um 1 km. kafli við Gröf sumarið 2025.
- Það er verulega ánægjulegt að sjá nú að ofan talin verkefni skuli öll orðin að veruleika. En við erum ekki hætt þrýstingi okkar varðandi nauðsynlegar vegabætur hér í Dölunum því nú tekur við vinna við að koma t.a.m. stofnveginum um Skógarströnd og öðrum nauðsynlegum verefnum inn í Samgönguáætlun og þá á fyrsta tímabil en ráðherra hefur boðað að tillaga að nýrri uppfærðri Samgönguáætlun verði kynnt nú á nýhöfnu haustþingi.



Þann 4.september sl. fór upplýsingavefur samstarfsnefndar um sameiningu Dalabyggðar og Húnapings vestra í loftið á léninu <https://dalhun.is>

Á vefnum er að finna ýmsar upplýsingar um sameiningarviðræðurnar og íbúakosningar um sameiningartillöguna, auk fréttar af viðræðum og viðburðum. Á síðunni er einnig að finna svör við spurningum sem algengt er að íbúar velti upp í tengslum við sameiningarviðræður og eyðublað fyrir nýjar fyrirspurnir ef lesendur finna ekki svarið á síðunni. Hægt verður að nálgast allt kynningarefni um sameiningarviðræðurnar á vefnum, m.a. glærur og upptökur frá íbúafundum, fundargerðir og fleira á vefsíðunni. Hér fyrr á fundinum tókum við fyrir tillögu þessu verkefni tengdu þannig að nú er verkefnið farið að taka á sig mynd og vil ég hvetja íbúa til þess að láta sig málefnið varða og taka þátt í samtalinu fram að íbúakosningu í fyrri hluta desember.

Framkvæmdir ganga vel við íþróttamannvirkin okkar og hefur samstarf við verktaka og eftirlitsaðila verið með ágætum. Búið er að fara yfir og staðfesta nokkur viðbótarverk og ber þar hæst val á hreinsikerfi sundlaugakerfis, kaup á sauna húsi og uppsetningu geymsluhúsnæðis sem mun nýtast bæði sundlaugarsvæði og skólalóð. Farið er að huga að ýmsum þáttum varðandi daglegan rekstur mannvirkisins og mun þau mál skýrast enn betur þegar nær opnun mannvirkisins kemur.





Úrgangspjónusta fyrir Dalabyggð

Consensa fyrir hönd Dalabyggðar óskar eftir tilboðum í úrgangspjónustu samkvæmt skilmálum útbodslýsingar. Um er að ræða úrgangspjónustu sem samanstendur af fjórum aðgreinðum þjónustubáttum eins og þeir eru skilgreindir samkvæmt skilmálum útbodslýsingar.

Hægt er að sækja öll útbodsgögn án greiðslu á útbodsvefnum www.tendsign.is

Tilboðum skal skilað með rafrænum hætti á útbodsvef eigi síðar en kl. 12:00 þann 23. september 2025.

Nánari upplýsingar má finna á www.consensa.is/utbod


CONSENSA



Dalabyggð

Útbod vegna úrgangsmála er í loftinu og er útbodsfrestur til kl. 12:00 mánudaginn 23. september. Við erum í samstarfi við Consensa hvað það verkefni varðar. Eins og áður hefur komið fram rennur núverandi samningur út í árslok 2025 en að höfðu samráði við ráðgjafa okkar sem og núverandi verktaka hefur verið ákveðið að gildistaka nýs samnings verði 1. apríl 2026.

Eru ýmsar ástæður fyrir þessu og ekki síst sú að upphafstími samnings í tengslum við verkefni eins og hér um ræðir er hentugri þegar komið er inn í árið í stað 1. janúar hverju sinni.

Nú eru haustverkin með tilheyrandi verkefnum, smölun á fé og allt þar í kring, komið á fullt og vil ég óska öllum þeim sem standa í þeim önnum og auðvitað öllum öðrum íbúum Dalabyggðar í hverjum þeim önnum sem um er að ræða góðs gengis í sínum verkum.

Við þurfum að láta hlutina ganga og samstarf og samheldni skiptir öllu máli því saman erum við sterkari !

 Dalabyggð		Fyrsta rétt		Önnur rétt		Þriðja rétt	
		Dags.	Kl.	Dags.	Kl.	Dags.	Kl.
Flekkudalsrétt	Fellsströnd	13. sept	Að lokinni leit	27.sept	Að lokinni leit		
Tungurétt	Fellsströnd	12. sept	Að lokinni leit				
Skerðingsstaðarétt	Hvammssveit	14. sept	11:00	28. sept	13:00		
Gillastaðarétt	Laxárdal	14. sept	12:00	28. sept	16:00		
Ljárskógarétt	Laxárdal	6. sept	Að lokinni leit				
Brekkurétt	Saurbæ	14. sept	11:00	28. sept	13:00		
Skarðsrétt	Skarðsströnd	14. sept	11:00	28.sept	14:00		
Ósrétt	Skógarströnd	3. okt	10:00				
Vörðufellsrétt	Skógarströnd	20. sept	13:00	12. okt	13:00		
Fellsendarétt	Miðdalir	14. sept	14:00	28. sept	14:00		
Hólmarétt	Hörðudal	14. sept	10:00	22. sept	10:00	28. sept	10:00
Kirkjufellsrétt	Haukadal	13. sept	Að lokinni leit	27. sept	Að lokinni leit		



- Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.
- BBÞ – 11/09/2025